



Samband Sveitarfélaga  
á Austurlandi



# Stefna í málefnum nýrra íbúa

Útgefið í september 2009

## Formáli

Svohljóðandi var samþykkt á aðalfundi SSA 2008

*42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. og 27. september 2008, telur afar brýnt að sveitarfélögin hugi á næstu mánuðum að stefnumótunarvinnu vegna nýrra íbúa. Við stefnumótunarvinnuna er í boði þjónusta/aðstoð frá Fjölmenningssetri og Þróunarfélagi Austurlands. Fundurinn leggur til að eftirfylgnisteymi SSA starfi áfram og vinni til loka árs 2009 samhliða þróunarverkefni Fjarðabyggðar. Fundurinn beinir því til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisvaldsins að sveitarfélögunum verði tryggðar auknar tekjur til að standa undir kostnaði við þjónustuna.*

Eftirfylgnisteymi SSA er skipað þeim Stefáni Bragasyni Fljótsdalshéraði, Sigríði H. Pálsdóttur Fjarðabyggð og Óðni G. Óðinssyni Fljótsdalshéraði. Verkefnisstjóri er Hafliði Hafliðason Þróunarfélagi Austurlands. Framkvæmdastjóri SSA Þorvaldur Jóhannsson og Helga Steinsson Fjölmenningssetri störfuðu með teyminu. Einnig kom að vinnu við stefnuna Kristín Þyri Þorsteinsdóttir félagsmálastjóri félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs.

Þróunarverkefni Fjarðabyggðar “Nýir íbúar á góðum stað” í verkstjórn Sigríðar H. Pálsdóttur móttökustjóra nýrra íbúa í Fjarðabyggð er nú á lokastigi. Móttökuférlí fyrir nýja íbúa í sveitarfélaginu ásamt handbók liggur fyrir. Unnið er áfram með að þróa og móta verkefnið í sveitarfélaginu. Kristín Þyri Þorsteinsdóttir hefur unnið með málefni nýrra íbúa á Fljótsdalshéraði. Einnig hefur Eva Jónudóttir þjónustufulltrúi á Seyðisfirði unnið að gerð handbókar fyrir nýja íbúa á Seyðisfirði. Handbækurnar eru góðir leiðarvísar fyrir önnur sveitarfélög. Handbók Fjölmenningsseturs er enn í vinnslu en mun verða birt á heimasíðu Fjölmenningsseturs [www.mcc.is](http://www.mcc.is)

Eftirfylgnisteymi SSA leggur hér fram verkefnið “**Stefna í málefnum nýrra íbúa á Austurlandi**” Hún á að vera góður grunnur fyrir sveitarfélögin í vinnu við gerð sinna aðgerðaráætlana. Stefnan byggir m.a. á verkefninu *Svona gerum við* sem starfshópur SSA skilaði af sér í janúar 2007 og tillögum vinnuhóps Sambands íslenskra sveitarfélaga “Stefnumótun Sambands íslenskra sveitarfélaga í málefnum innflytjenda” ágúst 2008.

Stjórn SSA vill þakka öllum þeim sem tóku þátt í þessu verkefni, með einum eða öðrum hætti, fyrir þeirra framlag.

September 2009

Þorvaldur Jóhannsson framkvæmdastjóri SSA

# Stefna í málefnum nýrra íbúa á Austurlandi

## Skilgreiningar:

**Nýr íbúi** er sá sem skráir lögheimili sitt í sveitarfélaginu.

**Innflytjandi** er sá sem uppruna sinn á utan Íslands, er fæddur erlendis eða báðir foreldrar einstaklings séu fæddir erlendis eða hafi einhvern tíma haft erlent ríkisfang, en sest hefur að til langframa í landinu. Innflytjendur eiga það sameiginlegt að hafa annað mál en íslensku að móðurmáli.

**Fjölmennning** er vel heppnuð samblöndun ólíkra menningarhefða.

**Millmennning** er gagnkvæm samskipti og skilningur menningarhefða.

**Samþætting** er að flétta markmið (td. fjölmenningar) í stefnumótun og ákvarðanatöku.

## Framtíðarsýn sveitarfélaga á Austurlandi í málefnum nýrra íbúa

Á Austurlandi njóti íbúar virðingar sem einstaklingar og þar er fjölbreytileiki viðurkenndur sem styrkleiki. Allir búi við jöfn tækifæri og eigi kost á að nýta hæfileika sína og starfsorku og afla sér lífsviðurværis. Öllum íbúum skal tryggt sama aðgengi að þjónustu og upplýsingum. Óheimilt er að mismuna fólki vegna aldurs, kyns, uppruna, ætternis, trúarbragða, stjórnálaskoðana, fötlunar, heilsufars, kynhneigðar eða þjóðernis. Virða skal yfirráðarétt hvers einstaklings yfir eigin líkama. Hvetja skal einstaklinginn til sjálfsábyrgðar, virða sjálfsákvörðunarrétt hans og styðja hann til sjálfshjálpar. Sérhver einstaklingur njóti lagalegrar verndar og eigi þess kost að leita réttar síns ef á þeim er brotið.



## 1. Samþætting

### Markmið:

Hagsmunir innflytjenda skulu samþættil inn í alla stefnumótun, stjórnsýslu og þjónustu sveitarfélaganna.

### Leiðir:

- Stofnanir sveitarfélaga búi yfir aðgerðaáætlunum í samræmi við stefnu þessa.
- Áætlanir um samþættingu byggja á upplýsingum um stöðu innflytjenda og lífsafkomu þeirra í samfélaginu.
- Gert sé ráð fyrir fjármunum í fjárhagsáætlun sveitarfélaga til þessa málaflokks.
- Ákveðin nefnd sveitarfélagsins fari með málefni nýrra íbúa, t.d. félagsmálanefnd, jafnréttisnefnd eða bæjarráð, eftir því hvernig til háttar í hverju sveitarfélagi.
- Starfsmaður haldi utan um málefni nýrra íbúa þar sem aðstæður leyfa.
- Starfsfólk sveitarfélaganna, t.d. í móttöku, hjá félagsþjónustunni eða á bókasöfnum, hafi lágmarkspekkingu á málefnum innflytjenda og þjónustu við þá.
- Sá aðili, innan sveitarfélagsins, sem fer með málefni nýrra íbúa geri áætlun um hvernig þeir skulu studdir til að verða virkir þátttakendur á öllum sviðum samfélagsins, þar með talið við ákvarðanatöku.

## 2. Aðlögun og virkni

### Markmið:

Stuðla skal að gagnkvæmri aðlögun íbúa af erlendum og íslenskum uppruna með jafnrétti og gagnkvæmri virðingu í samskiptum og jákvæðu viðhorfi til fjölmennningar. Vinna skal að því að nýir íbúar skynji að þeir séu velkomnir og búi við öryggi í samfélaginu. Leita skal allra leiða til að efla þátttöku nýrra íbúa og virkni í samfélaginu og fyrirbyggja félagslega einangrun.

### Leiðir:

- Stofnanir sveitarfélaganna búi yfir aðgerðaráætlunum í samræmi við stefnuna þar sem áhersla er lögð á virka þátttöku íbúanna í samfélaginu, jafnrétti og gagnkvæma virðingu í samskiptum fólks af mismunandi uppruna.

### Móttökuáætlun sveitarfélagsins

- Tekið sé á móti nýjum íbúum með persónulegum hætti og þeir upplýstir um þjónustu í samfélaginu ásamt réttindum og skyldum.
- Öllum nýjum íbúum séu afhent gögn með helstu upplýsingum um svæðið, sveitarfélagið og þjónustu sem nálgast má í heimahéraði.
- Ráðin sé móttökufulltrúi nýrra íbúa þar sem aðstæður leyfa.
- Sveitarfélög tryggji aðgang að íbúaskrá sem gefur yfirsýn yfir breytingar á lögheimilisskráningu.
- Haldnir séu fundir fyrir nýja íbúa þar sem þeim er kynnt þjónusta sveitarfélagsins.

### Móttökuáætlun í skólum

- Grunn- og leikskólar sveitarfélaganna taki í notkun áætlun um móttöku nýrra nemenda í leik- og grunnskóla.

### Íslenskunám

- Innflytjendum sé við fyrsta tækifæri gerð grein fyrir möguleikum þeirra til að læra íslensku.
- Leitað verði samstarfs við til þess bæra aðila um að útfæra og bjóða upp á íslenskukennslu í samstarfi við sveitarfélögin.

### Félagsleg þátttaka

- Skapaðar verði aðstæður og hvatt til tengslamyndunar nýrra íbúa og þeirra sem fyrir eru, t.d. með spjallfundum, tengslavinum eða með uppákomum, m.a. í samráði við félagasamtök.
- Leitað verði leiða til að flétta fjölmenningu inn í félags- og menningarstarf á vegum sveitarfélagsins til að stuðla að víðsýni, þekkingu og umburðarlyndi.
- Stutt sé við starfsemi á vegum félagasamtaka sem eflir millimennningarleg tengsl og stuðlar að gagnkvæmri aðlögun og virkni íbúa.



### 3. Aðgengi

#### Markmið:

Sveitarfélögin búi yfir aðgengilegum upplýsingum um þjónustu sveitarfélagsins og skyldur og réttindi íbúanna. Leita skal leiða til að yfirstíga þá hindrun sem felst í ólíkum menningarlegum uppruna og tungumálaskilningi.

#### Leiðir:

##### Upplýsingar

- Upplýsingar um samfélagið og þjónustu séu aðgengilegar fyrir nýja íbúa í sveitarfélögunum.
- Íbúar hafi jafnan aðgang að félagsþjónustu og félagslegri ráðgjöf.
- Innflytjendur séu upplýstir um rétt til neyðarþjónustu óháð kennitölu og stöðu í landinu, og um sjúkratryggingar og ungbarna- og mæðravernd.
- Upplýsingarit á vegum Félags- og tryggingamálaráðuneytisins um fyrstu skrefin í íslensku samfélagi og á atvinnumarkaði sé aðgengilegt hjá sveitarfélögum á sem flestum tungumálum.
- Upplýsingar, á nokkrum tungumálum, um þjónustu sveitarfélaganna verði að finna á vef Fjölmenningsseturs.
- Sveitarfélögin feli starfsmanni að yfirfara og uppfæra upplýsingar á vef Fjölmenningsseturs.
- Hvert sveitarfélag gefi út upplýsingarit á nokkrum tungumálum um þjónustu, menningu, afþreyingu og félagasamtök í sveitarfélaginu.
- Sveitarfélög auglýsi, t.d. menningarviðburði, á fleiri tungumálum en íslensku.
- Tekinn sé saman listi yfir þær upplýsingar og gögn sem sveitarfélög telja þörf á að þýða á önnur tungumál.

##### Íslenskukennsla

- Sveitarfélögin hafi samvinnu við til þess bæra aðila um kennslu í íslensku fyrir innflytjendur.
- Sveitarfélögin gefi starfsmönnum sínum kost á íslenskunámskeiðum sem hluta af símenntunaráætlun eða starfsmenntun.
- Hvatt sé til og boðið upp á aðstöðu til þjálfunar í íslensku með aðstoð sjálfboðaliða.

##### Bókasöfn

- Innflytjendur séu upplýstir um þjónustu bókasafna og að þeir geti þar nálgast bækur á sem flestum tungumálum.
- Starfsfólk bókasafna verði virkjað til að veita nýjum íbúum almennar upplýsingar um samfélagið.
- Á bókasöfnum hafi íbúar aðgang að netinu.
- Upplýsingar um samfélagið liggi frammi á ýmsum tungumálum á bókasöfnum.

##### Túlkaþjónusta

- Túlkar verði þjálfaðir til að veita túlkaþjónustu þar sem miklu skiptir að sú þjónusta sé fagleg.
- Sveitarfélögin standi fyrir fræðslu fyrir starfsfólk sitt sem þarf á túlkaþjónustu að halda.
- Sveitarfélögin setji sér reglur um hvenær nota skuli túlka í samskiptum.
- Sveitarfélög taki ákvörðun um hvernig tryggja skuli aðgengi að túlkaþjónustu.
- Tryggja skal að börn séu ekki í túlkahlutverki.

- Upplýsingar um aðgengi að tálkþjónustu verði aðgengilegar hjá sveitarfélaginu.

#### Félagsleg lagskipting

- Stoðstofnunum á Austurlandi verði falið að aðstoða erlenda starfsmenn við að fá menntun sína viðurkennda til að auka möguleika þeirra á störfum í samræmi við menntun og til að þekking þeirra nýtist samfélaginu sem best.
- Félagsleg einangrun nýrra íbúa verði fyrirbyggð eða rofin með aðgerðum fræðslustofnanna, sveitarfélaga og félagasamtaka.

## 4. Samvinna

### Markmið:

Sveitarfélög, opinberar stofnanir, aðilar vinnumarkaðarins og félagasamtök hafi með sér aukna samvinnu um málefni innflytjenda.

### Leiðir:

- Sveitarfélögin leiti samstarfs við aðrar opinberar stofnanir, atvinnurekendur og félagasamtök og geri áætlun þar um.
- Upplýsingastreymi verði virkt milli sveitarfélags og hinna ýmsu stofnanna og samtaka þannig að veita megi einstaklingum sem besta þjónustu.
- Samvinna og upplýsingaflæði milli sveitarfélaga og atvinnurekenda verði aukin.
- Leitað sé eftir því að atvinnurekendur tilkynni sveitarfélögum þegar innflytjandi hefur störf.
- Kannaður sé grundvöllur fyrir stofnun samtaka innflytjenda í þeirri viðleitni að efla tengsl opinberra stofnanna og félagasamtaka við þá.
- Leitað verði samstarfs við aðila er sinna málefnum innflytjenda, s.s. Rauða krossinn um að styðja við bakið á innflytjendum til að auðvelda þeim aðlögun og líf í nýju landi, efla samskipti og samgang, skilning og vinsemd meðal allra, innfæddra sem aðfluttra.
- Sveitarfélög leiti leiða til að hafa samvinnu sín á milli um málefni nýrra íbúa, þegar það á við.



## 5. Börn og unglingar

### Markmið:

Þroskavænleg uppeldisskilyrði barna verði tryggð og stuðlað að jákvæðri aðlögun þeirra.

### Leiðir:

Leik- og grunnskólar:

- Áætlun um móttöku nýrra nemenda í leik- og grunnskóla verði staðfærð, samþykkt og tekin í notkun í leik- og grunnskólum sveitarfélaganna.
- Í framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar verði tekið mið af börnum er tala enga eða litla íslensku og/eða eiga foreldra sem tala enga eða litla íslensku, ásamt því að leggja fram tillögur sem stuðla að því að veita börnum góð uppeldisskilyrði og benda á félagsleg atriði sem eru andstæð því markmiði.
- Foreldrar og nemendur af erlendum uppruna eigi kost á að fá allar upplýsingar um skólastarfið á sínu tungumáli fyrstu árin.
- Réttur beggja foreldra til upplýsinga um námsgengi barns verði virtur og túlkaþjónusta nýtt jafnvel þó að annað foreldri sé íslenskt.
- Upplýsingagjöf til foreldra um þjónustu vegna barna og ungmenna fari fram á tungumáli notandans.
- Helstu upplýsingar um starfshætti skóla, sérstöðu og meginmarkmið liggja fyrir á tungumáli allra nemenda.
- Öll börn í leik- og grunnskólum fái markvissa íslenskukennslu.
- Menntun starfsfólks á sviði fjölmeningarkennslu verði efld.
- Markvisst verði unnið innan skólanna að því að endurskoða starfshætti þannig að þeir henti öllum nemendum, þar með talið nemendum með íslensku sem annað tungumál.
- Líta þarf á komu nemenda af erlendum uppruna sem viðfangsefni alls skólasamfélagsins þar sem allir kennarar og allt starfsfólk er íslenskukennarar.



